

Brjef stjórnarráðsins til prófasta um ársreikninga þeirra yfir tekjur og gjöld Prestlaunasjóðs. 125
31. okt.

Jafnframt því að senda yður, herra prófastur, 20 eintök af eyðublöðum undir reikninga yfir tekjur og gjöld Prestlaunasjóðsins í prófastsdæmi yðar, skal stjórnarráðið taka fram reikningsskilum þessum viðvikjandi það, sem hjer segir:

Ef svo stendur á, þá er reikningurinn er saminn, að ofmikið fje hafi verið sent prófasti úr Prestlaunasjóði, og upphæðin er innan við 100 kr., þá er ekki þörf á að endursenda landsfjehirði það, heldur má geyma það upp í næsta árs útgjöld. Þess vegna er í reikningsfyrirmyndinni fyrsti liður tekjumegin »Í sjóði frá f. á.« Undir III. lið tekjumegin ber að tilfæra sóknartekjurnar í hverri sókn, ekki aðeins í þeim prestaköllum, þar sem sóknarpresturinn er kominn undir hin nýju launakjör, heldur einnig í þeim prestaköllum, þar sem sóknarpresturinn á að fá uppbót úr Prestlaunasjóði fyrir tekjumissi samkv. 12. gr. laga nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld; eiga sóknartekjureikningarnir úrskurðaðir af prófasti að fylgja.

Í þeim prestaköllum, þar sem engin slik uppbót greiðist úr Prestlaunasjóði eru sóknartekjurnar aftur á móti sjóðnum óviðkomandi, og færast því ekki inn í reikninginn.

Undir IV. lið á að tilfæra það fje, sem prófastur hefir tekið á móti frá landsfjehirði eða útborgað hefir verið af honum samkvæmt ávísun prófasts. Ber að geta hvernar einstakrar upphæðar svo og dagsetningar á brjefi landsfjehrðis, sem fylgir hverri sendingu.

Um útgjaldahlið reikningsins er ekki annars að gæta, en að láta honum fylgja kvittun prestanna fyrir launum og erfiðleikauppbótum, svo og kvittun þeirra presta, er uppbót eiga að fá samkvæmt 12. gr. sóknargjaldalaganna. Verður að færa til útgjalda alla meðaltalsupphæð sóknarteknanna, svo sem hún hefir verið úrskurðuð af stjórnarráðinu, þar sem hinar árlegu sóknartekjur hlutadeigandi presta hafa verið færðar tekjumegin.

Til hægðarauka fylgja hjermeð eyðublöð undir launakvittanir presta, sem komnir eru á föst laun.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumanna og bæjarfógeta um fiskiveiða- og hlunnindaskýrslur. 126
4. des.

Hjermeð sendast yður, herra sýslumaður, eyðublöð undir eftirfarandi skýrslur:

- eintök undir hreppstjóraskýrslur um hlunnindi,
- — — um róðrabáta og mótorbáta,
- — aflaskýrslur róðrabáta og mótorbáta,
- — — fyrir botnvörpuskip,
- — — fyrir seglskip og fiskigufuskip (önnur en botnvörpuskip),
- — bráðabirgðaskýrslur fyrir seglskip, botnvörpuskip og önnur fiskigufuskip.